

Fundargerð hreppsnefndar 1. september 2016

Fundur nr. 46 kjörtímabilið 2014 – 2018

Fundur haldinn í sveitarstjórn Vopnafjarðarhrepps fimmtudaginn 1. september 2016 í félagsheimilinu Miklagarði kl. 16.00.

Mætt til fundar: Stefán Grímur Rafnsson, Sigríður Elva Konráðsdóttir, Unnur Ósk Unnsteinsdóttir, Einar Björn Kristbergsson, Bárður Jónasson, Magnús Þór Róbertsson og Sigríður Bragadóttir.

Einnig sátu fundinn Ólafur Áki Ragnarsson sveitarstjóri og Magnús Már Þorvaldsson, er ritaði fundargerð.

Á fundinn mætti ennfremur Björg Björnsdóttir verkefnastjóri sveitarstjórnarmála hjá Austurbrú.

Dagskrá

1. **Almenn mál:**
2. Fundur með verkefnastjóra SSA

Björg Björnsdóttir verkefnastjóri kynnti fyrirleggjandi dagakrá og drög að ályktunum aðalfundar SSA en fyrir fundi lágu drög að dagskrá fundarins sem haldinn verður 07. og 08. október nk. Svaraði síðan framkomnum fyrirspurnum.

1. Áhrif nýrrar húsnæðislöggjafar gagnvart sveitarfélögunum

Fram fór umræða um löggjöfina og síðan samþykkt að sveitarstjóri kynni sér málið nánar og upplýsi sveitarstjórn í framhaldi af því. Annars lagt fram til kynningar.

1. Samráðsfundur um nýja byggðaáætlun

Samþykkt samhljóða að sveitarstjóri sækir fundinn f.h. Vopnafjarðarhrepps.

1. Byggðaráðstefna 2016

Samhljóða samþykkt að sveitarstjóri sitji ráðstefnuna f.h. sveitarfélagsins.

1. Norðurskautsráðið 20 ára

Kynnti sveitarstjóri málið nánar og greindi frá að hann ætti fund með fulltrúa Langanesbyggðar á morgun og gert er ráð fyrir að sá sæki fundinn f.h. sveitarfélaganna beggja. Síðan lagði hann fram eftirfarandi minnisblað:

Þann 21. maí sl. var undirrituð í Alþingishúsinu viljayfirlýsing milli íslenskra stjórnvalda, Langanesbyggðar, Vopnafjarðarhrepps, Bremenports GmbH & Co.KG og EFLU Verkfræðistofu um áframhaldandi samstarf um uppbyggingu stórskipahafnar í Finnafirði. Viljayfirlýsingin er framhald af samstarfssamningi sem viðkomandi aðilar undirrituðu í maí 2014. Viljayfirlýsingin tekur á þáttum sem koma þarf í farveg til þess að verkefnið geti þróast áfram. Í framhaldi af undirritun hafa átt sér stað samskipti milli fulltrúa sveitarfélaganna og samstarfsaðila varðandi næstu skref.

Dagana 13. til 15. september nk. munu fulltrúar Bremenports ásamt fulltrúa EFLU sækja okkur heim. Markmið heimsóknarinnar er að kynna stöðu verkefnisins fyrir íbúum og landeigendum sem og að funda með sveitarstjórnnum og embættismönnum beggja sveitarfélaga. Haft hefur verið samband við landeigendur og þeim boðið að hitta fulltrúa Bremenports og embættismenn. Samstarfshópur sveitarfélagana vinnur nú að útfærslu dagskrár og undirbúningi funda, nánari upplýsingar verða sendar út á næstu dögum.

1. Drög að samningi við Wise um bókhaldskerfi fyrir Vopnafjarðarhrepp

Sveitarstjóri kynnti málið nánar en bókhaldskerfinu er ætlað að leysa núverandi kerfi af hólmi. Samhljóða samþykkt að fela sveitarstjóra að klára málið.

1. Opnun framhaldsskóladeildar – kynntar framkvæmdir í Sundabúð

Sveitarstjóri kynnti málin nánar en formleg dagskrá verður í Kaupvangi og Sundabúð fimmtudaginn 08. september nk.

2. Fundargerðir:

1. Fræðslunefndar dags. 6. júní og 17. ágúst 2016

Fundargerð dags. 6.6 samhljóða samþykkt.

Fundargerð dags. 17.8 samhljóða samþykkt.

2. Hafnarnefndar dags. 23. ágúst 2016

Sveitarstjóri svaraði fyrirspurn varðandi starfsmannamál hafnarinnar og fram fór mikil umræða um starfsmannamál og vöktun hennar. Fundargerðin síðan samhljóða samþykkt.

3. Faghóps um Sundabúð dags. 23. ágúst 2016

Lagt fram til kynningar.

4. Skipulags- og umhverfisnefndar dags. 26. ágúst 2016

3. mál í fundargerðinni tekið til umræðu. Einar Björn yfirgaf fund undir þessari umræðu. Sveitarstjórn samþykkir samhljóða með 6 atkvæðum tillögu skipulags- og umhverfisnefndar og felur sveitarstjóra að ljúka málinu. Fundargerðin síðan samþykkt með 6 atkvæðum.

5. 386. fundar stjórnar Hafnarsambands Íslands

Lagt fram til kynningar.

6. 10. fundar stjórnar SSA

Lagt fram til kynningar.

7. 44. fundar Brunavarna á Austurlandi

Lagt fram til kynningar.

8. 146. Fundar Félagsmálanefndar

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundargerðin lesin upp og hún samþykkt samhljóða, fundi slitið kl. 18:20.

[Eylgigögn fundar 010916.pdf](#)